

Fimmtudaginn 8. júní 1995.

Nr. 316/1992.

Sigurður Bragason

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Vara hf.

(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)

Atvinnuréttindi. Vinnusamningur. Dagsektir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1992 og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að ekki hafi verið skilyrði til að leysa áfrýjanda að öllu leyti undan skuldbindingu þeirri, er hann tókst á hendur samkvæmt 8. gr. ráðningarsamnings síns og stefnda, sem lýst er í héraðsdómi. Hins vegar verður að telja rétt með hliðsjón af málsatvikum og 37. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. 7. gr. laga nr. 11/1986, að skuldbindingarákvæði þetta gildi ekki lengur en í tvö ár frá starfslokum áfrýjanda.

Áfrýjanda verður samkvæmt þessu ekki lengur haldið til efnda á fyrrgreindu samningsákvæði. Dagsektir koma því ekki til álita hér og eigi verður á það fallist með stefnda, að í dagsektaákvörðun héraðsdóms felist skaðabætur honum til handa, er unnt sé að meta sjálfstætt. Málinu var ekki gagnáfrýjað af hans hálfu, og eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, verður ekki dæmt um skaðabætur. Við svo búið verður að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sigurður Bragason, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Vara hf.

Staðfest er málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 10. júlí 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Árnassýslu af Guðnýju Björnsdóttur héraðsdómslögmanni f. h. Vara hf., kt. 490689-2819, Þóroddsstöðum við Skógarhlíð í Reykjavík, gegn Sigurði Bragasyni, kt. 110659-4749, Hveramörk 16, Hveragerði.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda og einkafyrirtæki hans, Slökkvitækjaþjónustunni, Hafnarbraut 10 B, Kópavogi, sé óheimilt að viðlögðum dagektum, að fjárhæð 10.000 kr. á dag fram til 1. júní 1995, að selja eldvarnarbúnað og taka að sér þjónustu vegna slíks búnaðar, þar á meðal slökkvitækjaþjónustu. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri til-dæmdur málskostnaður dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar, svo sem í aðalkröfu greinir.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara krefst stefndi þess, að sér verði einungis gert að greiða 1/20 hluta af umkraf-inni skaðabótafjárhæð, 50.000 kr., og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Forstjóri stefnanda, Baldur Ágústsson, og stefndi, Sigurður Bragason, hafa gefið skýrslur fyrir dómi í máli þessu svo og vitnin Ásbjörn Þórir Björgvinsson, Tyrfingur Heimir Tyrfingsson, Jóhann Sigurður Ólafsson og Jón Pétur Línal.

Hinn 14. október 1991 var nafni stefnanda breytt í Vara hf.

II.

Málavextir eru þeir, að í ársbyrjun 1990 réðst stefndi til starfa hjá Öryggisþjónustunni Vara, sem starfrækir öryggisþjónustu og sölu öryggisbún-aðar, meðal annars á sviði eldvarna, og er í eigu stefnanda. Samkvæmt

ódagsettum ráðningarsamningi, sem aðilar gerðu með sér, skyldi stefndi hefja störf 12. janúar 1990. Var stefndi ráðinn til starfa sem innimaður í hleðsludeild og skyldi samkvæmt starfslýsingu í 2. gr. samningsins annast hleðslu og þjónustu á handslökkvitækjum ásamt því að afla nýrra viðskiptavina.

Í 8. lið fyrrnefnds ráðningarsamnings er svohljóðandi ákvæði:

„Starfsmaður skuldbindur sig í fimm ár eftir starfslok hjá Vara að:

- a) vinna ekki fyrir samkeppnisaðila Vara,
- b) vinna ekki hliðstæð eða samsvarandi störf fyrir aðra aðila en Vara,
- c) taka ekki að sér hliðstæð eða samsvarandi verk og Vari,
- d) stofna ekki fyrirtæki í sömu starfsgrein og Vari, eiga ekki beint eða óbeint í slíku fyrirtæki eða vera í stjórn þess. Sama gildir um stofnun, eignaraðild og stjórnarsetu í félögum (hlutafélögum, sameignarfélögum), sem eru með hliðstæðan eða skyldan rekstur.“

Stefndi hóf störf á þeim tíma, sem tilgreindur var í ráðningarsamningi, og starfaði hjá fyrirtæki stefnanda til maíloka 1990. Fljótlega eftir starfslok hóf hann starfræslu einkafyrirtækis, Slökkvitækjaþjónustunnar. Samkvæmt tilkynningu til Firmaskrár, dags. 31. maí 1990, er tilgangur fyrirtækisins hleðsla, eftirlit og sala á slökkvitækjum og öðrum eldvarnarbúnaði.

Af hálfu stefnanda hefur verið skorað á stefnda að hætta framangreindri starfsemi sinni og þar um vísað til framangreinds samkeppnisákvæðis í ráðningarsamningi. Á það hefur stefndi ekki fallist, og hefur stefnandi höfðað mál þetta af þeim sökum.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. ráðningarsamnings hans við Öryggisþjónustuna Vara, sem sé í eigu stefnanda og starfræki margvíslega öryggisþjónustu og sölu öryggisbúnaðar, m. a. á sviði eldvarna. Stefndi hafi samkvæmt ráðningarsamningnum verið ráðinn til að annast hleðslu og þjónustu á handslökkvitækjum ásamt því að afla nýrra viðskiptavina. Samkvæmt 8. gr. samningsins hafi stefndi skuldbundið sig til að taka ekki að sér í fimm ár frá starfslokum hjá Vara hliðstæð eða samsvarandi verk og Vari eða stofna eða eiga aðild að fyrirtæki með hliðstæðan eða skyldan rekstur. Stefndi hafi hætt störfum hjá Vara í maílok 1990. Í framhaldi af starfslokum sínum hafi hann hafið starfræslu slökkvitækjaþjónustu og sölu eldvarnarbúnaðar, sem sé brot á 8. gr. ráðningarsamningsins. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi á ólögmatan hátt nýtt sér þekkingu sína á viðskiptasamböndum Vara á starfstíma sínum hjá fyrirtækinu og rofið með því trúnaðarskyldu sína.

Varakrafa stefnanda er studd því, að stefnandi hafi orðið fyrir umtals-

verðu tjóni vegna vanefnda stefnda á 8. gr. ráðningarsamningsins. Tjón stefnanda felist í viðskiptalegu tapi vegna starfsemi stefnda.

Stefnandi vísar til stuðnings dómröfum sínum til umrædds ráðningar-samnings og almennra reglna kröfuréttar um efndir og túlkun samninga. Þá er af hans hálfu enn fremur vitnað til ákvæða laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. einkum 26. og 35. gr. laganna. Til stuðnings varakröfu er einnig vísað til almennra bótareglna innan samninga. Loks er krafa stefnanda um málskostnað og vexti á máls-kostnað studd 177. gr., 184. gr. og 2. mgr. (svo) 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988 og III. kafla laga nr. 25/1987.

III.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í ráðningarsamningi stefnda og Öryggisþjónustunnar Vara hafi falist skerðing á atvinnufrelsi stefnda og aflahæfi hans, er verið hafi óhæfileg, ósanngjörn og ógild og til þess fallin að rýra starfskjör hans. Allt þetta sé í brýnni andstöðu við sett lög og grundvallarreglur vinnuréttar og persónuréttar. Stefndi hafi verið undirtylla á berstrípuðum lágmarkslaunataxta Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Hafi hann verið nauðbeygður til að skrifa undir ráðningar-samninginn og ekki fengið neitt í aðra hönd fyrir þær gífurlegu fórnir, sem í samningnum hafi falist. Hafi hann ekki valdið Vara sannanlegu saknæmu tjóni og starfslok sín orðið með fullu samkomulagi.

Af hálfu stefnda er því sérstaklega mótmælt, að hann hafi verið í sam-bandi við viðskiptamenn Vara, enda hafi starf sitt verið í því fólgið að yfir-fara og hlaða slökkvitæki. Stefndi hafi ekki haft frekari aðgang að skráum um viðskiptamenn en þann, að á vinnustað hafi legið frammi ein tölvuskrá yfir viðskiptamenn, er einkum hafi verið til afnota fyrir útímann. Er mótmælt sem rangri þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndi hafi á ólögmatan hátt nýtt sér þekkingu sína á viðskiptasamböndum Vara á starfstíma sínum hjá fyrirtækinu og rofið með því trúnaðarskyldu. Þá mótmælir stefndi sem rangri og ósannaðri þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefnandi hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna vanefnda stefnda á 8. gr. ráðningarsamnings.

Um lagarök fyrir sýknukröfu sinni vísar stefndi til 36. og 37. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 11/1986, og 7. gr. laga nr. 80/1938 með lögjöfn-un. Enn fremur vísar stefndi til meginreglna vinnu- og persónuréttar svo og dómafordæma Hæstaréttar Íslands. Krafa stefnda um málskostnað er samkvæmt því, sem í greinargerð hans segir, studd réttarfars- og vaxtalögum.

IV.

Ágreiningslaust er, að Öryggisþjónustan Vari, sem er í eigu stefnanda, og stefndi gerðu með sér ráðningarsamning þann, sem um er fjallað í máli

þessu. Þá liggur fyrir, að eftir starfslok sín hjá stefnanda hóf stefndi starfsemi einkafyrirtækis, sem annast hleðslu, eftirlit og sölu á slökkvitækjum og öðrum eldvarnarbúnaði. Er þessi starfsemi stefnda í öllum meginatriðum hin sama og hann hafði með höndum hjá stefnanda og hið umdeilda samkeppnisákvæði tekur til. Ber að fallast á það með stefnanda, að með starfsemi þessari hafi stefndi brotið gegn samkeppnisákvæði ráðningarsamningsins. Það er hins vegar álítaefni, hvort lög standi til þeirrar niðurstöðu, að stefndi verði talinn bundinn af ákvæðinu að hluta eða öllu leyti.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi meðal annars á 37. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 7. gr. laga nr. 11/1986. Þar segir í 1. mgr., að hafi maður í því skyni að varna samkeppni áskilið sér hjá öðrum manni, að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu eða að hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, sé það loforð eigi bindandi fyrir þann mann, ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er til að varna samkeppni eða að hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns, sem tókst þessa skyldu á herðar.

Hið tilvitnaða ákvæði samningalaganna felur í sér undantekningu frá meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Í þeirri meginreglu felst meðal annars, að samningum er að jafnaði ætlað að hafa réttaráhrif eftir orðanna hljóðan eða samkvæmt viðteknum túlkunarreglum. Purfa skýrar ástæður að liggja að baki ákvörðunum dómstóla um að víkja ótvíræðum og afdráttarlausum samningsákvæðum til hliðar að hluta eða öllu leyti. Ber að skýra greind skilyrði hins tilvitnaða lagaákvæðis með hliðsjón af þessu.

Skuldbindingu þeirri, sem hér er um fjallað og stefndi undirgekkst með samningi sínum við fyrirtæki stefnanda, var ætlað að gilda í fimm ár frá lokum starfs hans hjá stefnanda. Fól skuldbindingin að þessu marki í sér ósanngjarna skerðingu á atvinnufrelsi stefnda. Að öðru leyti telst hið umdeilda samkeppnisákvæði vera innan þeirra marka, sem 1. mgr. 37. gr. samningalaganna setur samningum af þessu tagi. Er það mat dómsins, að ekki séu efni til þess að víkja samkeppnisákvæðinu til hliðar að fullu á grundvelli tilvitnaðs lagaákvæðis, enda er sú starfsemi stefnda, sem hér um ræðir, rekin í samkeppni við stefnanda. Hefur stefnandi þannig augljósa hagsmuni af því, að samningurinn verði réttilega efndur, að því er tekur til umræddrar skuldbindingar stefnda. Þá skortir að öðru leyti lagaskilyrði fyrir því, að taka megí sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt framansögðu verður aðalkrafa stefnanda í máli þessu tekin til greina að öðru leyti en því, að hæfilegt þykir, að hið umdeilda bannákvæði í

samningi aðila gildi til 1. júní 1994. Er þá litið til þess, að af hálfu stefnda hefur allt fram til þessa verið haldið úti þeirri starfsemi, er brýtur gegn samkeppnisákvæði ráðningarsamnings.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur. Að kröfu stefnanda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Porgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

V.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Árnassýslu með þingfestingu þess 2. október 1991. Það var síðan dómtekið 22. f. m. Er dómur í málinu kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands með vísan til 19. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en lög þessi öðluðust gildi 1. þ. m., og ekki hafði tekist að ljúka dómi á málið fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Sigurði Bragasynti, og einkafyrirtæki hans, Slökkvitækjaþjónustunni, Hafnarbraut 10 B, Kópavogi, er óheimilt frá birtingu dóms þessa til 1. júní 1994 að viðlögðum 10.000 króna dagsektum, sem renni til stefnanda, Vara hf., að selja eldvarnarbúnað og taka að sér þjónustu vegna slíks búnaðar, þar á meðal slökkvitækjaþjónustu.

Stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað. Skal tildæmdur málskostnaður bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Greiðsla málskostnaðar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.